

Nr. 138

5. febrúar 2013

REGLUR um bann við netaveiði göngusilungs við Þistilfjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á árunum 2013 og 2014 frá og með 1. júlí til og með 10. ágúst í netlögum sjávarjarða í Þistilfirði frá Hraunhafnartanga í vestri að Fonti á Langanesi í austri.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5.-7. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 611/2011 um sama efni.

Fiskistofu, 5. febrúar 2013.

Árni Ísaksson,
sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.

Björn Jónsson,
lögfræðingur á lögfræðisviði.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2013